

**624. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 12. desember 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 624 lögmætan.

Dagskrá:

1. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2208076

Tillaga að uppfærðri Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til fyrri umræðu.

Jón Ingi Jónsson leggur fram eftirfarandi breytingartillögu við 4. gr. samþykktarinnar: Á eftir setningunni "Við hvert íbúðarhús í dreifbýli á söfnunarleið söfnunartækis í Tálknafjarðarhreppi skal vera sorptunna fyrir almennan heimilisúrgang og sorptunna/tunnur fyrir endurnýtingarflokka í samræmi við sérstaka söfnun og flokkun úrgangs." komi setningin "Óski eigendur fasteigna í dreifbýli eftir því, er þeim heimilt að skila úrgangi og endurvinnsluefni til endurvinnslustöðvar og greiði þá einungis sorpeyðingargjald".

Jafnramt bætist við setninguna "Æskilegt er að fjarlægð frá götu að sorptunnu við íbúðarhús sé eigi meiri en 15 metrar" orðin "í þéttbýli".

Breytingartillaga JIJ er samþykkt samhljóða.

Samþykkt samhljóða að visa uppfærðri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi með samþykktum breytingum til síðari umræðu í sveitarstjórn.

JÖH gerir eftirfarandi bókun:

Að mínu mati vantar í þessa samþykkt allt eftirlit með verktaka og upplýsingaskyldu hans til sveitarfélagsins varðandi magn og í hvaða farveg sorpið sem kemur frá okkur fer og hvert það er selt.

JIJ tekur undir þessa bókun.

2. Fasteignagjöld 2024 - 2308091

Fasteignagjöld 2024 lögð fram til staðfestingar.

Áður á dagskrá 623. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023.

*Framlögð tillaga að fasteignagjöldum 2024 er samþykkt með fjórum atkvæðum.
GJ situr hjá.*

Samþykkt fasteignagjöld eru eftirfarandi:

- *Fasteignaskattur A 0,55% af húsa- og lóðamati.*
- *Fasteignaskattur B 1,32% af húsa- og lóðamati*
- *Fasteignaskattur C 1,65% af húsa- og lóðamati.*
- *Vatnsgjald, íbúðir 0,28% af húsa- og lóðamati.*
- *Vatnsgjald, atvinnuhúsnæði 0,50% af húsa- og lóðamati*
- *Fráveitugjald, íbúðir 0,28% af húsa- og lóðamati.*
- *Fráveitugjald, atvinnuhúsnæði 0,50% af húsa- og lóðamati.*
- *Lóðarleiga, íbúðir 1% af lóðarmati.*
- *Lóðarleiga, atvinnuhúsnæði 3,75% af lóðarmati.*

3. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi 2024 - 2308091

Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til staðfestingar. Jafnframt lögð fram breytingatillaga við gjaldskrána frá sveitarstjórnarfulltrúanum Jóni Inga Jonssyni.

Áður á dagskrá 623. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023.

*Breytingatillaga JIJ er borin upp og felld með þremur atkvæðum.
JIJ og JÖH greiða atkvæði með. LM, JLM og GJ greiða atkvæði á móti.*

Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi borin upp og samþykkt með þremur atkvæðum.

JIJ greiðir atkvæði á móti tillögunni og JÖH situr hjá.

JÖH leggur fram eftirfarandi bókun:

Það er sjálfsögð krafa íbúa sveitarfélagsins að birt verði útgjöld sveitarfélagsins á móti því sem innheimt er af íbúum og fyrirtækjum á vef sveitarfélagsins á skýran hátt. Einnig tel ég að sú kynning á málum úrgangs þar sem aðilar borgi fyrir það sem hent er sé ekki virt og ekkert sé gert til að koma því á. Það er enginn hvati í að minnka sorp.

JIJ tekur undir framlagða bókun.

4. Gjaldskrá félagsþjónustu 2024 - 2308091

Gjaldskrá félagsþjónustu 2024 lögð fram til staðfestingar.

Áður á dagskrá 623. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023.

Framlögð gjaldskrá félagsþjónustu 2024 er samþykkt samhljóða.

5. Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi 2024 - 2308091

Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi 2024 lögð fram til staðfestingar.

Áður á dagskrá 623. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023.

Framlögð gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi 2024 er samþykkt með þremur atkvæðum.

JIJ og JÖH greiða atkvæði á móti.

JÖH leggur fram eftirfarandi bókun:

Ég mótmæli þeim mun sem er á þeim gjöldum varðandi hunda og kattahald.

Hundaeygendur fá enga þjónustu umfram kattaeigendur. Einnig er hærra verð fyrir föngun á hundum og fleiri flokkar varðandi fjölda fangana. Einnig ætti að birta upplýsingar á vef sveitafélagsins varðandi leyfisgjöld á móti útgjöldum og ef útgjöld eru hærra en innkoma tel ég það ekki rétt þar sem þessi gjöld mega ekki vera tekjuöflun fyrir sveitarfélagið.

6. Gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2024 - 2308091

Gjaldskrá Tálknafjarðarskóli 2024 lögð fram til staðfestingar. Jafnframt lögð fram breytingatillaga við gjaldskrána frá sveitarstjórnarfulltrúanum Jenný Láru Magnadóttur.

Áður á dagskrá 623. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023 og 15. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 04.12.2023.

Breytingatillaga JLM er borin upp og samþykkt með þremur atkvæðum.

JIJ og JÖH greiða atkvæði á móti.

Framlögð breytingatillaga er því samþykkt gjaldskrá fyrir Tálknafjarðarskóla 2024.

7. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar 2024 - 2308091

Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar 2024 lögð fram til staðfestingar.

Áður á dagskrá 623. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023 og 14. fundi íþrótt-, menningar og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 05.12.2023.

JIJ leggur fram breytingartillögu um að í stað framlagðrar tillögu verði núverandi gjaldskrá látin gilda með 7,5% hækkun í samræmi við verðlagsþróun.

Breytingatillaga JIJ er borin upp og felld með þremur atkvæðum.

JIJ og JÖH greiða atkvæði með. LM, JLM og GJ greiða atkvæði á móti.

Framlögð gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar 2024 er samþykkt með þremur atkvæðum.

JIJ og JÖH greiða atkvæða á móti.

JÖH leggur fram eftirfarandi bókun:

Ég mótmæli þessari hækkun gjaldskrár þar sem þjónustustig er ekki það sama á milli staða varðandi opnunartíma.

JIJ tekur undir framlagða bókun.

8. Gjaldskrá Hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps 2024. - 2308091

Gjaldskrá Hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps 2024 lögð fram til staðfestingar. Samþykkt á 46. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 06.12.2023.

Áður á dagskrá 623. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023 og 46. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 06.12.2023.

Framlögð gjaldskrá Hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps 2024 er staðfest með fjórum atkvæðum.

GJ situr hjá.

9. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091

Síðari umræða um fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2024-2027.

Mál frá 623. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023.

Þann 28. október 2023 samþykktu íbúar í Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð í almennum kosningum að þessi tvö sveitarfélög skyldu sameinast í eitt á árinu 2024. Það má segja að það sé megin forsendan í þeirri fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps sem er lögð fram fyrir árin 2024-2027. Af þessu leiðir að eftirfarandi eru lykilatriði í fjárhagsáætlunargerðinni:

1. Sá langtíamarammi sem var samþykktur í fjárhagsáætlun 2023-2026 er hafður til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar 2024-2027.
2. Í fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á rekstri einstaka eininga hjá Tálknafjarðarhreppi frá árinu 2023. Enn er ekki ljóst hvernig rekstrarleg áhrif sameiningar sveitarfélaganna mun birtast í einstaka rekstrarliðum og því ekki hægt að gera ráð fyrir slíkum breytingum í fjárhagsáætlun á þessum tímapunkti.
3. Gjaldskrár ársins 2024 hjá Tálknafjarðarhreppi taka mið af samþykktum gjaldskrárum Vesturbyggðar sem veldur því að þær taka nokkrum breytingum.
4. Gert er ráð fyrir að fjárfesting á árinu 2024 nemi 60 milljónum króna í samræmi við það sem lá til grundvallar í kynningarefni vegna sameiningarkosninga.

Hefði niðurstaða í sameiningarkosningum orðið önnur er ljóst að það hefði haft meiri áhrif í rekstri einstaka deilda en niðurstaðan er í þessari fjárhagsáætlun. Lykiltölur í rekstri Tálknafjarðarhrepps síðustu ár hafa verið með þeim hætti að ekki hefði verið komist hjá því að ráðast í erfiðar aðhaldsaðgerðir og enn frekari hækkun gjaldskráa en nú er gert. Greiningar í aðdraganda sameiningarkosninga sýndu að nýtt sveitarfélag hefur alla burði til að verða með heilbrigðan rekstur og trausta fjárhagsstöðu og því óþarft að ráðast í sársaukafullar sparnaðaraðgerðir í þessari síðustu fjárhagsáætlun í sögu Tálknafjarðarhrepps.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2024-2027 var unnið út frá ýmsum forsendum, svo sem hagspám, áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um útsvarstekjur, fasteignamati og greiðsluáætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í forsendum fjárhagsáætlunar er álagningarhlutfall útsvars óbreytt frá árinu 2023, eða 14,74%. Önnur fasteignagjöld eru aðlöguð að álagningu Vesturbyggðar og sama á við um flestar þjónustugjaldskrár.

Í rekstraráætlun A og B hluta eru heildartekjur áætlaðar 542 mkr. og framlegð rekstrar fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um 37,9 mkr. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða neikvæð, þannig að rekstrarhalli samstæðu A og B hluta er áætlaður 47,5 mkr. Gert er ráð fyrir því að fjárþörf verði mætt með því að ganga á handbært fé og með langtíma lántöku. Hér er þó rétt að halda því til að haga að þegar rekstur sveitarfélaganna tveggja mun leggjast saman verða lykiltölur hins nýja sveitarfélags innan þess ramma sem fjármálareglur sveitarfélaga kveða á um eins og kom fram í greiningarvinnu og kynningarefni í aðdraganda sameiningarkosninga. Þá liggur fyrir að Alþingi hefur samþykkt að víkja fjármálareglum sveitarfélaga til hliðar til og með árisins 2025, en gert er ráð fyrir að þær taki á ný gildi árið 2026, en miðað við

forsendur ætti hið nýja sveitarfélag ekki að þurfa að nýta sér það svigrúm.

Eins og kemur fram í forsendum fjárhagsáætlunar gerir hún ekki ráð fyrir að það verði stórtækar breytingar á rekstri einstakra deilda og sviða hjá Tálknafjarðarhreppi. Verði sameining sveitarfélagsins við Vesturbyggð til þess að starfsemi einstaka deilda eða eininga breytist verður tekið á því með viðauka við fjárhagsáætlun þegar og ef þess þarf. Það verður nýrrar sveitarstjórnar í nýju sveitarfélagi að taka ákvarðanir um slíkt og því ekki farið í vangaveltur hér með hvaða hætti slíkt gæti orðið. Þó er ljóst að allar grunnþjónustueiningar svo sem grunnskóli, tónlistarskóli, leikskóli, íþróttamiðstöð og félagsmiðstöð verða áfram reknar á Tálknafirði þó svo að Tálknafjarðarhreppur verði ekki lengur til sem stjórnsýslueining.

Fyrirhuguð fjárfesting upp á kr. 60 milljónir á árinu 2024 skiptist á þrjá liði:

- a) Móatún, endurnýjun götu sem og lagna bæði í vatnsveitu og fráveitu: Kr. 50.000.000.
- b) Bætt aðstaða slökkviliðs með tilfærslu starfsstöðva í húsi sveitarfélagsins að Strandgötu 48: Kr. 5.000.000.
- c) Ýmis smærri verkefni: Kr. 5.000.000:

Þá er gert ráð fyrir því að áætlað viðhaldsfé í eignasjóði verði nýtt til viðhaldsverkefna bæði á Vindheimum og í Tálknafjarðarskóla. Í Vindheimum þarf að sinna viðhaldsverkefnum á þaki og ofnakerfi og í Tálknafjarðarskóla þarf að sinna viðhaldsverkefnum á þaki og gluggum. Eins verða framkvæmdir á lóð Tálknafjarðarskóla fjármagnaðar með framlagi frá Fiskeldissjóði í samræmi við samning Tálknafjarðarhrepps við sjóðinn frá árinu 2023.

Framlögð fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2024-2027 er samþykkt með fjórum atkvæðum.

JIJ situr hjá.

JÖH leggur fram eftirfarandi bókun:

Ég veit að hækkanir á gjaldskrárm eru nauðsynlegar vegna stöðu sveitarfélagsins en það er mín skoðun að það er allt of létt fyrir ríki og sveitafélög að hækka gjaldskrárnar og taka ekki þátt í baráttu við verðbólgu og vegna komandi kjarasamninga. Þannig að kosnaður hækkar vegna mikilla launahækkana og vítahringurinn heldu bara áfram.

JIJ tekur undir framlagða bókun.

10. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun 2023-2026 vegna BsVest lagður fram til staðfestingar.

Viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun 2023-2026 er samþykktur með fjórum atkvæðum.

JIJ situr hjá.

11. Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 - 2312004

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 01.12.2023 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2023/2024. Úthlutun til Tálknafjarðar á fiskveiðiárinu 2023/2024 er 285 þorskígildistonn. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 29.12.2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar í ljósi vanhæfis aðalfulltrúa í sveitarstjórn vegna hagsmunatengsla.

12. Starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum - 2312022

Starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum lagðar fram til staðfestingar.

Mál frá 2. fundi svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða sem fór fram 07.10.2023.

Starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum samþykktar með þremur atkvæðum.

JIJ og JÖH sitja hjá við afgreiðslu málsins.

13. Stjórn Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. - 2208069

Tilnefning í stjórn Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf.

Mál á dagskrá að beiðni oddvita sveitarstjórnar sem leggur fram tillögu um að stjórn Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. verði skipuð eftirtöldum fulltrúum:

Jenný Lára Magnadóttir

Jóhann Örn Hreiðarsson

Lilja Magnúsdóttir

Framlögð tillaga er samþykkt með þremur atkvæðum.

JIJ greiðir atkvæði á móti. JÖH situr hjá.

JIJ leggur fram eftirfarandi bókun:

Með þessari samþykkt þá leggur meirihluti sveitarstjórnar blessun sína yfir afgang Ólafs Þ. Ólafssonar sem að án heimildar stjórnar lækkaði söluverð eigna Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður um rúmlega 2,7 milljónir króna og á sama tíma eru allar gjaldskrár snarhækkaðar hjá sveitarfélaginu.

ÓÞÓ óskaði eftir fundarhléi sem var veitt.

Eftir fundarhlé lagði ÓÞÓ fram eftirfarandi bókun:

Það er miður að kjörinn fulltrúi skuli fara opinberlega fram með slíkar órökstuddar dylgjur sem byggjast á persónulegri óvild. Ég áskil mér rétt til þess að bregðast við þeim með viðunandi hætti telji ég þess þurfa.

LM leggur fram eftirfarandi bókun:

Athygli er vakin á því að Jón Ingi Jónsson samþykkti ársreikninga fyrir árið 2022 án athugasemda.

14. Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg - 2311106

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 14.11.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 245/2023, "Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg.

Mál frá 623. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.11.2023 og 46. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 06.12.2023.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að taka undir bókun atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps og lýsir yfir áhyggjum af óljósum ákvæðum í lagafrumvarpinu sem snúa að innviðastuðningi til sjávarbyggða í stað byggðakvóta. Erfitt er að sjá að þau ákvæði séu til þess fallin að efla útgerð og mannlíf í sjávarbyggðum landsins.

GJ situr hjá.

15. Frumvarp til laga um lagareldi - 2312030

Erindi frá matvælaráðuneytinu dags. 06.12.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 253/2023 - "Frumvarp til laga um lagareldi". Með erindinu er Tálknafjarðarhreppi sérstaklega boðið að taka þátt í samráðinu.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að fela sveitarstjóra að fara yfir málið með bæjarstjóra Vesturbyggðar og leggja drög að umsögn fram á næsta fundi sveitarstjórnar.
JLJ situr hjá.*

16. Síðari fundur sveitarstjórnar í desember 2023 - 2312039

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 08.12.2023 þar sem lagt er til að síðari reglubundni fundur sveitarstjórnar í desember 2023 samkvæmt 8. gr. Samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps færist og fari fram þriðjudaginn 19. desember 2023 og hefjist kl. 16:00.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að síðari reglubundni fundur sveitarstjórnar í desember 2023 fari fram þriðjudaginn 19. desember 2023 og hefjist kl. 16:00.
JLJ greiðir atkvæði á móti.*

Oddviti felur sveitarstjóra að kanna lögmati færslu fundarins með vísan í 8. grein samþykktu sveitarfélagsins.

17. Fræðslunefnd - 15 - 2312003F

Fundargerð 15. fundar fræðslunefnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 04.12.2023.

*Fundargerðin er staðfest með fjórum atkvæðum.
JLJ situr hjá.*

17.1 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

17.2 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024

17.3 2311054 - Ábending til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða

18. Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd - 14 - 2312002F

Fundargerð 14. fundar íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 05.12.2023.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu fundargerðarinnar.

18.1 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

19. Atvinnu- og hafnarnefnd - 46 - 2312004F

Fundargerð 46. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 06.12.2023.

Fundargerðin er staðfest.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir þakkir atvinnu- og hafnarnefndar til handa Björgvin Smára Haraldssyni fyrir farsæl störf og gott samstarf á þeim árum sem hann hefur starfað fyrir Tálknafjarðarhrepp og sinnt trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélagið.

19.1 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

19.2 2311106 - Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg

19.3 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar

19.4 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023

20. Fjárhagsáætlun Náttúrustofu Vestfjarða 2024 - 2312006

Erindi frá Náttúrustofu Vestfjarða dags. 01.12.2023 þar sem Fjárhagsáætlun Náttúrustofu Vestfjarða 2024 sem var staðfest á fundi stjórnar NAVE 03.11.2023 er send sveisarfélagum til upplýsingar.

Lagt fram.

21. Uppgjör vegna útsvars áráanna 2020,2021 og 2022 - 2312032

Erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks dags. 07.12.2023 varðandi uppgjör vegna útsvars áráanna 2020, 2021 og 2022.

Lagt fram.

22. Aðalfundur Hvetjanda hf. eignarhaldsfélags - 2312036

Erindi frá Hvetjanda hf. eignarhaldsfélags dags. 07.12.2023 þar sem boðað er til aðalfundar félagsins sem fer fram í fjarfundi 21.12.2023.

Lagt fram.

Sveitarsjóri situr fundinn fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.

23. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2312027

Fundargerð 1. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 29.11.2023.

Lagt fram.

24. Fundargerðir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks - 2312034

Fundargerðir stjórnarfunda Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem fóru fram 20.11.2023 og 27.11.2023.

Lagt fram.

25. Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða - 2312022

Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða nr. 1 sem fór fram 13.09.2023 og nr. 2 sem fór fram 07.10.2023.

Lagt fram.

26. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301063

Fundargerðir stjórnarfunda Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 938 sem fór fram 24.11.2023 og nr. 939 sem fór fram 05.12.2023.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)